



Hveragerði 14. júní 2011

Fundargerð stjórnar

**104. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn þriðjudaginn
14. júní 2011 kl. 14.30 í fundarherbergi slökkvistöðvar Hveragerðis að
Austurmörk 20.**

Mættir:

**Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson,
Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, Pétur Pétursson varaslökkviliðsstjóri**

Formaður setti fund og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Húsnæðismál

Rætt var um skiptingu á rýmum í nýrri slökkvistöð s.b. afgreiðslu stjórnar frá fundi nr. 102 frá 30. maí s.l.

Fram kom að eigendur hússins, sveitarfélagið Árborg stendur í samningaviðræðum við Björgunarfélag Árborgar um kaup á þeim hluta hússins sem félagið hefur til afnota nú þegar. Þeir samningur er ekki lokið.

Stjórn BÁ samþykkir að huga áfram að skiptingu á rýmum, um er að ræða geymslurými í kjallara, 72,42 m² sem tilheyrir BÁ, afsala því rými og leigja þess í stað fundarsalinn á II. hæð, 84,58 m². Mismunur er 12,16 m².

Einnig var rætt um hugsanlega leigu BÁ á tveimur herbergjum á I hæð í millibyggingu.

Málið skoðað aftur þegar lengra er komið í samningum við væntanlega kaupendur.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14.55